



Vestmannaeyjabær  
Ráðhúsinu  
900 Vestmanneyjar

Reykjavík, 15. september 2020  
Tilvísun: 2019110038  
SE/  
Tilv. ykkar:

**Efni: Ósk um viðræður um endurskoðun þjónustusamnings um ferjusiglingar.**

Vegagerðin vísar til samskipta undanfarin misseri varðandi halla á rekstri Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfss ohf. sem annast þátt Vestmannaeyjabæjar í framkvæmd þjónustusamnings ríkisins við Vestmannaeyjabæ um ferjusiglingar milli Vestmannaeyja og Landeyjahafnar/Þorlákshafnar dags. 16. maí 2018 sbr. viðauka um breytingar á þeim samningi dags. 29. mars 2019.

Halli á rekstri félagsins verður að hluta til rakinn til þess að kostnaður vegna mönnunar ferjunnar hefur verið verulega umfram það sem gert var ráð fyrir í byrjun. Vegagerðinni hefur borist minnisblað frá lögmanni á LEX lögmannsstofu dags. í ágúst 2020. Þar kemur fram að Samgöngustofa gaf út nýtt öryggisskírteini fyrir ferjuna dags. 16. desember 2019 þar sem aukið er við öryggismönnun ferjunnar frá því sem forsendur samningsins gera ráð fyrir. Komist er að þeirri niðurstöðu með vísan til fskj. 5 með samningnum að hækka eigi samningsfjárhæð vegna þessarar ákvörðunar.

Vegagerðin hefur aflað lögfræðiálits lögmanns hjá lögmannsstofunni Landslögum, sjá meðfylgjandi minnisblað dags. 14. september 2020. Þar er komist að þeirri niðurstöðu að þessi breyting geti ekki leitt til sjálfkrafa hækkunar á samningsverði þar sem fyrirvara er að finna varðandi samningsfjárhæð í samningnum, sjá nánar meðfylgjandi minnisblað. Vegagerðinni beri vegna þessa að óska eftir endurskoðun á samningi skv. grein 9.2 í samningnum með vísan til breytinga á forsendum samningsins.

Með vísan til framangreinds er þess hér með farið á leit að Vestmannaeyjabær tilnefni fulltrúa sína til viðræðna við Vegagerðina um endurskoðun á ákvæðum samningsins eftir því sem þörf er á til að bregðast við breyttum forsendum. Niðurstaða þeirra viðræðna verði á formi samningsdraga sem kæmu til umfjöllunar í tengslum við gerð fjárlaga á vettvangi Alþingis.

Virðingarfyllst,

  
Bergþóra Þorkelsdóttir

Forstjóri.